

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. mars 2022  
Málsnúmer: 202202-0006  
SS

## Efni: Umsögn um matskyldu aukningar á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 2. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort aukning á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf. í Flóahreppi eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurn Orkugerðarinnar ehf. um matskyldu. Þeir umhverfisþættir sem eru líklegastir til að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar samkvæmt fyrirspurninni eru umferð, hljóðvist, grunnvatn/viðtaki fráveituvatns, losun í andrúmsloft og lykt og samfélag. Framkvæmdin er ekki talin hafa bein áhrif á umhverfisþætti sem tengjast helst fagsviði Náttúrufræðistofnunar s.s. lífríki og jarðminjar, enda engar breytingar að verða á mannvirkjum eða landnotkun og því ekkert rask sem verður af framkvæmdinni.

Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun sig ekki hafa nægjanlegar forsendur til að meta á heildstæðan hátt með tilliti til allra umhverfisþátta sem fjallað er um í fyrirspurninni, hvort framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum, en vill koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Það er einna helst mengun frá framleiðslunni sem getur ógnað lífríki, sérstaklega í ferskvatni. Með þeirri framleiðsluaukningu sem áætluð er, sem er tvöföldun á núverandi framleiðslu, er augljóst að mikil aukning verður á magni frárennslis. Mikilvægt er að kröfur í starfsleyfi um hreinsun og notkun úrgangs frá framleiðslunni séu uppfærðar í samræmi við þessa aukningu og vísar í því tilliti til umsagna Umhverfisstofnunar og annarra umsagnaraðila sem sinna eftirliti með fráveitu og mögulegri mengun frá starfsemi. Einnig er mikilvægt að uppfæra kröfur um eftirlit með losun mengandi lofttegunda við brennslu eins og við á.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands

